

# ERINDISBRÉF

## Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps

### I. Kafli: Almenn ákvæði

#### 1. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð af sveitarstjórn og heyrir beint undir hana. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál og umferðarmál. Þá fer nefndin jafnframt með málefni gróðurverndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, sorphirðu og sorpförgun sbr lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisnefnd skal starfa samkvæmt erindisbréfi þessu, sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, einnig samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Hrunamannahrepps nr. 251/2022 og eftir því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti.

Umhverfisnefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, enda hafi þá nefndinni áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem nefndinni eru falin nema á fundum umhverfisnefndar

#### 2. gr.

Nefndin skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, kosnum af sveitarstjórn. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skipar formann en á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara.

Sveitarstjóri og yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála eiga seturétt á fundum með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

#### 3. gr.

Markmiðið með starfi umhverfisnefndar er að vera ráðgefandi við sveitarstjórn um stefnu og verkefni í þeim málaflokkum sem undir nefndina heyra og fylgja eftir þeim málum sem samþykkt hafa verið. Nefndin skal vinna að fegrun umhverfis og náttúruvernd s.s. með varðveislu náttúruininja og annarra menningarlegra verðmæta í Hrunamannahreppi.

Umhverfisnefnd skal í starfi sínu og aðgerðum styðjast við þá grundvallarskoðun að í samfélagi þar sem frumvinnsla matar er einn meginatvinnuvegurinn skipti umhverfismál miklu og geti haft og hafi mikil áhrif á vöxt, viðgang og orðspor atvinnugreinanna. Nefndin haldi fram þessum sjónarmiðum og ábyrgð einstaklingsins á umhverfi sínu sér og samfélaginu til heilla.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins. Það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

Ákvarðanir Umhverfisnefndar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

### II. Kafli: Verkefni

#### 4. gr.

Meðal verkefna umhverfisnefndar er:

- Að hafa umsjón og eftirlit með náttúruvernd, skógrækt og umhverfismálum almennt samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru og að sjá um að framfylgt sé þeim þáttum á því sviði sem er hlutverk sveitarstjórnar en ekki annarra að framfylgja.
- Að vinna að varðveislu náttúruininja í sveitarfélaginu og hafa forgöngu um að vekja almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis.

- Að hafa eftirlit með skráðum og friðlýstum fornminjum og leggja fram tillögur til aðgerða ef hættu er talin á að þær raskist eða fari forgörðum
- Að stuðla eftir megni að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni og leggja sérstaka áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi.
- Að gera árlega tillögu til sveitarstjórnar um ruslamálaráðherra og að vinna að skipulagi árlegs „rusladags“ í sveitarfélaginu í samvinnu við ruslamálaráðherra.
- Árlega skal nefndin veita viðurkenningu einstaklingum og/eða fyrirtækjum sem skarað hafa fram úr hvað varðar snyrtimennsku, falleg mannvirki eða á öðrum sviðum umhverfisverndar.
- Að stuðla að eflingu endurvinnslu og sorpflokkunar svo og fræðslu og kynningu á þeim málaflokki fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Að vinna að stefnumörkun varðandi umferðarmál í sveitarfélaginu, þar með talið umferðaröryggi.
- Að leggja fram tillögur að verkefnum fyrir fjárhagsáætlun sveitarstjórnar um þá liði hennar sem falla undir versvið nefndarinnar í samstarfi við sveitarstjóra.
- Auk þess skal nefndin stuðla að hverskyns kynningu til íbúa sveitarfélagsins, fyrirtækja og stofnana um þau mál sem eru á hennar verksviði.
- Að öðru leyti skal umhverfisnefnd sinna þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni.

### **III. Kafli: Fundir og starfshættir**

#### **5. gr.**

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

#### **6. gr.**

Formaður nefndarinnar undirbýr fundi og sendir út fundarboð. Boðað er til funda svo oft sem þurfa þykir og stýrir formaður fundum. Funda skal eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Boðað skal til fundar ef að minnsta kosti tveir nefndarmenn óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint. Fundarboðun skal almennt vera rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum.

Umhverfisnefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Formaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykta nefndarinnar.

#### **7. gr.**

Ritari skal rita fundargerð í tölvu. Ritari skal senda sveitarstjóra afrit fundargerðar strax að loknum fundi sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfund til staðfestingar og birt á vefsíðu sveitarfélagsins. Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## **IV. kafli Réttindi og skyldur nefndarmanna**

### **8. gr.**

Fjallað er um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í VI. kafla samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

### **9. gr.**

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi Umhverfisnefndar nema lögmæt forföll hamli. Nefndarmaður tilkynnir forföll til formanns nefndar og boðar sjálfur varamann sinn.

Umhverfisnefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru. Sé heimild til þátttöku í fundum með fjarfundabúnaði til staðar hjá sveitarfélaginu gildir sú samþykkt einnig fyrir Umhverfisnefnd.

### **10. gr.**

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

### **11. gr.**

Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Hrunamannahrepps.

Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins.

### **12. gr.**

Fundarþóknun skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum sveitarfélagsins.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

## **V. kafli Gildistaka**

### **13. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps nr. 251/2022.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 1. nóvember 2023 og tekur þegar gildi.

**Aldís Hafstseinsdóttir**  
**Sveitarstjóri Hrunamannahrepps**